



Fermingarathöfnin

Hátíðleg athöfn að loknu námskeiði

Að námskeiði loknu fer fram falleg og virðuleg athöfn. Hluti fermingarbarna tekur virkan þátt í athöfninni t.d. með dansi, ljóðalestri, tónlistarflutningi og ávörpum.

Venjulega er þekkt fólk úr íslensku samfélagi fengið til að halda ræðu fyrir fermingarbörnin.

Ungmennin fá afhent fallegt **viðurkenningarskjal** í lok athafnarinnar.

Í Reykjavík fara fram tvær athafnir á völdum sunnudegi í apríl hvert ár. Þegar fjöldi þátttakenda leyfir verður einnig reynt að halda athafnir í bæjarfélögunum í kring.

Landsbyggðin

Frá 2010 hefur verið haldin fermingarathöfn á **Akureyri** og **Fljótsdalshéraði** og verður því haldið áfram.

Skoðaðir verða möguleikar á athöfnum á fleiri stöðum eftir því sem áhugi og þátttaka eykst.



Fyrir fullum sal af fólki. Borgaraleg ferming 2010 í Háskólabíói.

Frá foreldri: „Við erum í loftinu af ánægju með fermingarathöfnina og undirbúninginn.“

Skráning og nánari upplýsingar: www.sidmennt.is

Umsjón: hope@sidmennt.is 557 3734 eða 567 7752

Kennsla: johann@sidmennt.is 844 9211

Gjaldkeri: svanur@sidmennt.is 896 3465

Siðmennt

- kjarninn á bak við BF



Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, var stofnað árið 1990 í kringum borgaralega fermingu.

Félagið er **lífsskoðunarfélag** og hefur að viðfangsefni þau viðhorf og lífsgildi sem eru persónulega mikilvæg og nán hverjum einstaklingi í leit að tilgangi og hamingju í lífinu.

Hugtakið lífsskoðunarfélag (*life stance organization*) nær á alþjóðavísu yfir félög af bæði trúarlegri og veraldlegri **sannfæringu** og gerir ekki upp á milli þeirra.

Siðferðismál, þekkingarfræði og fjölskyldan eru kjarni þeirra viðfangsefna sem Siðmennt sinnir.

Mannvirðing, frelsi og samábyrgð eru **siðferðilegir hornsteinar** manngildishyggjunnar / húmanismans.

Siðmennt styður við vísindalegar aðferðir til að **leita þekkingar** um veröldina og lífheiminn.

Siðmennt býður uppá þjónustu **athafnarstjóra** félagsins við nafngjafir, giftingar og útfarir, auk vandaðs námskeiðs fyrir ungmenni til undirbúnings fyrir **borgaralega fermingu**.

Aðild að Siðmennt er öllum opin sem telja sig eiga samleið með þeim lífsskoðunum sem birtar eru í stefnu félagsins. Hún er heimil öllum 18 ára og eldri, ásamt 16 til 17 ára ungmendum með samþykki forráðamanna. Félagsgjald þarf að greiða árlega en því er stillt í hóf. Félagar fá send fréttabréf með netpósti, tilkynningar um viðburði og afslátt af ýmissi þjónustu félagsins.

Virtri þátttöku með umræðum og félagsstarfi er fagnað.

Aðild að félaginu er **ekki** nauðsynleg fyrir þátttöku í BF eða til að fá þjónustu athafnarstjóra við athafnir.

Upplýsingar og rafræn skráning er á www.sidmennt.is

Hönnun og ritstjórn: Svanur Sigurbjörnsson Ábyrgðaraðili: Siðmennt. Öll réttindi áskilin © 2011



SIÐMENNT

Félag siðrænna húmanista á Íslandi


Borgaraleg ferming



Ljósmynd: Anna Fjöla Gísladóttir

Heilbrigði og farsæld

- Það er dýrmætt að eiga val



Aðrir bæklingar Siðmenntar:

- Gifting og nafngjöf
- Veraldlegar útfarir
- Hvað er Siðmennt?

Hvað er borgaraleg ferming?

- styrking persónu og efling farsæls hugarfars ungmenna



Ljósmynd: Anna Fjola Gísladóttir

Borgaraleg ferming er valkostur fyrir þá sem t.d. eru ekki tilbúnir að strengja trúarheit, en vilja samt halda upp á þetta tímabil í lífi sínu eins og algengt er í mörgum samfélögum. Tilgangur borgaralegrar fermingar er meðal annars að efla heilbrigði og farsæl viðhorf unglinga til lífsins og búa þeim þannig dýrmætt veganesti til framtíðar.

Fyrir hverja er borgaraleg ferming?

Hún er fyrir öll ungmenni. Trúarbrögð, lífsskoðanir, kyn, uppruni, aldur, fötlun o.s.frv. skipta engu máli. Við eigum það öll sameiginlegt að vera manneskjur hvernig sem við erum og fjölbreytileika mannlífsins er fagnað hjá okkur.

Af hverju orðið *ferming*?

Orðið kemur af latneska orðinu *confirmare* og merkir það m.a. að styrkjast. Ungmennin eru að styrkja þá ákvörðun sína að vera ábyrgir borgarar í lýðræðislegu samfélagi.

Skráning í borgaralega fermingu er á www.sidmennt.is

Mennt er máttur og gagnrýnin hugsun eflir þroska og dómgreind

Undirbúningsnámskeiðin

Tímatafla

Sumar og haust

- skráningar fyrir næsta vor hefjast

Nóvember

- kynningarfundur í Háskólabíói

15. nóvember

- æskilegur skiladagur skráningarforma

30. nóvember

- lokadagur skráninga

3. janúar

- eindagi þátttökugjalda

Janúar

- kennsla hefst

Apríl - júní

- fermingarathafnir

Námskeiðin á höfuðborgarsvæðinu standa yfir í 12 vikur, einu sinni í viku í um 80 mínútur í senn. Kennsla hefst snemma í janúar.

Þátttakendur utan af landi sem komast ekki í vikunámskeiðin geta sótt **helgarnámskeið í Reykjavík**. Þau fara fram um tvær helgar sem tilkynnt er um nánar ár hvert.

Ungmenni á Norðurlandi og Suðurlandi geta fengið að taka helgarnámskeið á **Akureyri** og **Selfossi** sem haldin eru ár hvert náist nægileg þátttaka.

Aðrir staðir: Ef næg þátttaka er fyrir hendi í heimabyggð er möguleiki á að halda helgarnámskeið á staðnum. Æskilegt er að áhugi um það komi fram á skráningarforminu.

Ungmenni búsett erlendis geta tekið fermingarnámskeið með fjarnámi.

Á námskeiðunum er **fjallað um** ýmislegt sem miðar að því að efla þroska, gott siðferði og ábyrgðarkennd. Má nefna sem dæmi gagnrýna hugsun, siðfræði, fjölmiðlalæsi, að vera unglingur í auglýsinga- og neytlusamfélagi, mannleg samskipti, fjölmenningu og fordóma, skaðsemi vímuefna, sjálfsmyndina og samskipti kynjanna, hamingjuna og tilgang lífsins, tilfinningar og sorg, mannréttindi og að bera virðingu fyrir umhverfi sínu.

Umsjón

Móðir skrifar - "Bestu þakkir fyrir strákinn minn sem er mjög ánægður með fræðsluna. Ég finn hvað hann hefur haft gott af henni"

Hope Knútsson formaður Siðmenntar heldur utan um skráningu, niðurröðun í námshópa og undirbúning athafna í Reykjavík, en fjöldi sérhæfðs fólks kemur að undirbúningnum og framkvæmdinni.

Jóhann Björnsson kennari er kennslustjóri undirbúningsnámskeiðanna, en auk hans koma nokkrir gestakennarar að kennslunni ár hvert með spennandi efni.

Mikil reynsla er hér saman komin sem á ríkan þátt í gæðum námskeiðsins.

Á sidmennt.is er fjölbreytt kynningarefni; myndbönd, umsagnir þátttakenda, ræður, spurt & svarað, ljósmyndir, tölfraði, upplýsingar um kostnað og skráningarform.

Skráning

Skráning fer fram með því að fylla út skráningarform á sidmennt.is og senda þaðan rafrænt. Skilafrestur fyrir námskeið sem byrjar á nýju ári er til **30. nóvember**. Æskilegt er þó að senda inn skráningarformið fyrir 15. nóvember til þess að auðvelda skipulag.